

**Sþ. 781. Tillæga til þingsályktunar [259. mál]**

um að senda ekki málflytjanda til Haag.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar, að ekki skuli sendur málflytjandi til Alþjóðadómstólsins í Haag vegna deilunnar um fiskveiðilögsöguna við Breta og Vestur-Þjóðverja.

**Greinargerð.**

Stjórnarandstæðingar og hlöð beirra hafa fullvrt. að þingmeirihluti væri ekki fyrir því að senda ekki málflytjanda til Haag. Þessi skoðun hefur fengið byr undir báða vængi, þar sem einn ráðherranna hefur lýst yfir, að það væri eindregin skoðun sín, að senda bæri mann til Haag.

Þetta viðhorf stangast á við rökrétta afleiðingu af sambvkktt Alþingis frá 15. febrúar 1972 og gengur í berhöggi við þá stefnu, sem ríkisstjórnin hefur fylgt fram að þessu (sbr. skýrslu utanríkisráðherra, apríl 1973, bls. 19—20). Því er einsýnt, að það er knýjandi þörf á því að ganga úr skugga um vilja Alþingis í þessu efni, þar sem einungis órofa samstaða og einhugur getur leitt til fullnaðarsigurs í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar.